

áliti, svo að bætur eigi að koma fyrir; þykir því eigi næg ástæða til að dæma stefnda skaðabætur hjá áfrýjanda samkvæmt kröfu hans.

Um málskostnað í héraði samþykkist ákvæði bæjarþingsdómsins, en málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Björn Gíslason greiði 150 króna sekt til landsjóðs, sæti ella 35 daga einföldu fangelsi ef sektin er ekki öll greidd í ákveðinn tíma. Um ómerking meiðyrða og um málskostnað í héraði skal bæjarþingsdóminum óraskað, en málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 29. dag janúarmán.

Nr. 29/1911:

Þórður J. Thoroddsen
gegn

Ólafi V. Ófeigssyni o. fl.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði hinn stefndi, Ólafur V. Ófeigsson verzlunarstjóri í Keflavík, fyrir sína hönd og fyrir hönd Ágústs Jónssonar bónda í Höskuldarkoti, Ársæls Jónssonar

bónda sama staðar, Guðna Jónssonar bónda á Vatnsnesi og Einars Jónssonar fyrrum hreppstjóra í Keflavík, fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn áfrýjanda Þórði J. Thoroddsen lækni, til þess að fá hann dæmdan til að greiða reikningslán nr. 90 við Íslandsbanka, er Þórður J. Thoroddsen hafði tekið þar, en stefnendur voru ábyrgðarmenn fyrir, eða til vara að losa þá við ábyrgð fyrir reikningsláni þessu. Var mál þetta dæmt í nefndum rétti 30. marz f. á. þannig, að Þórður J. Thoroddsen var dæmdur til þess, að viðlögðum 4 kr. sektum fyrir hvern dag, er hann lætur dóminum ófullnægt, að leysa stefnendur innan 20 daga frá lögbirtingu dómsins, frá ábyrgð þeirra á umgetnu reikningsláni að eftirstöðvum hinn 31. des. 1910 kr. 8849,63, ásamt vöxtum og dráttarvöxtum af láninu frá nefndum degi til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir Þórður J. Thoroddsen skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 21. júní f. á., og hefir hann krafist þess aðallega, að verða algjörlega sýknaður í málinu af kröfum hinna stefndu, en til vara að hann verði ekki dæmdur til að losa stefndu úr meiri ábyrgð en c. 480 kr. og hann jafnframt losaður við dagsektirnar, og að stefndu verði dæmdir til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndu hafa af sinni hálfu krafist þess, að gestaréttardómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Árin 1901—1906 héldu aðilar máls þessa úti í félagi til fiskiveiða skipi einu er Sjöstjarnan hét. Eftir fiskiútergerð þessa hvíldu allmiklar skuldir á málsaðilum, sem voru risnar af útgerðinni. Sumarið 1909 höfðaði áfrý-

jandi mál gegn hinum stefndu til þess að fá þá til að greiða sér þann hluta af skuldum þessum, sem hann taldi þá skylda til að borga. Því máli lyktaði svo, að málsaðilar gjörðu sætt með sér fyrir gestarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu, 2. júlí 1909 þess efnis, að stefndu skyldu greiða eftirstöðvar af láni að upphæð 5000 kr. í Landsbankanum innan 15. júlí s. á. Því næst segir í sættinni »að allar frekari kröfur milli málsparta út af nefndu fiskiskipi (þ. e. Sjöstjörnunni) skuli falla burtu, og sætt þessi gildi sem fullnaðarviðurkenning milli nefndra málsparta — — — út af öllum viðskiftum þeirra — — — út af sameign þeirra í nefndu skipi«. Hinir stefndu fullnægðu sætt þessari á réttum tíma, með því að greiða umrætt lán til Landsbankans fyrir 15. júlí 1909. Gaf áfrýjandi út skriflega viðurkenningu stefndu til handa 10. júlí 1909 um það, að þeir hafi þann dag fullnægt sættinni. Í viðurkenningarskjali þessu lýsir áfrýjandi hina stefndu »lausu við allar krö.ur af minni (þ: áfrýjanda) hendi, að því er nefnt úthald (þ: fiskiskipsins Sjöstjörunnar) snertir og alla ábyrgð þar af leiðandi, og skyldu nokkrar kröfur verða gerðar hér eftir, áður ókunnar, leiðandi af kaupum eða úthaldi Sjöstjörunnar, þá lýsi eg (þ: áfrýjandi) mig skyldan til að fullnægja þeim, án þess þeir þurfi nokkuð að láta af hendi rakna í því skyni«.

Síðan hefir það komið fram, að eftir úthald eða kaup nefnds skips var skuld við Íslandsbanka, reikningslán nr. 90, tekið 1. nóvbr. 1904, að upphæð 31. desbr. 1910 kr. 8849,63. Var áfrýjandi lántakandi að láni þessu en stefndu sjálfskuldarábyrgðarmenn. Það virðist ljóst, að samkvæmt sættinni 2. júlí og viðurkenningarskjali áfrýjanda 10. júlí 1909, átti áfrýjandi að greiða þær

skuldir, sem ógreiddar voru þá eftir af skuldum út af samfélagi þeirra um skipið, enda höfðu stefndu að öllu fullnægt sínum skuldbindingum; stefndu höfðu og fulla ástæðu til að skilja yfirlýsingu áfrýjanda 10. júlí 1909 þannig, að hann þá þegar hefði leyst þá frá ábyrgð framangreinds reikningsláns í Íslandsbanka, auk þess sem hann (áfrýjandi), þá tók að sér að standa straum af skuldum vegna úthaldsins, er koma kynnu síðar fram. En hinn 26. jan. 1911 krafði Íslandsbanki hina stefndu um greiðslu á reikningsláni nr. 90, kr. 8849,63 ásamt vöxtum og dráttarvöxtum frá 1. jan. 1911 til greiðsludags, en með því að þeir greiddu ekki lánið, eða sömdu um greiðslu þess við Íslandsbanka, fekk bankinn dóm yfir þeim og hefir fjárnám verið framkvæmt hjá þeim samkvæmt dóminum.

Þegar stefndu voru krafðir um greiðslu ábyrgðarlánsins, þá höfðuðu þeir mál þetta gegn áfrýjanda og kröfðust þess, að hann greiddi lánið eða leysti þá úr áhyrgðinni fyrir því. Áfrýjandi hefir haldið því fram, að einungis 4480 kr. stafi frá félagsskap málsaðila um skipið. Hinn hlutinn sé einkaskuld sín (áfrýjanda) sem stefndu hafi ábyrgst fyrir sig, og þessu til sönnunar hefir áfrýjandi vísað til skilagreinar fyrir útgerðarkostnaði skipsins 1904—1906, dagsettrar 4. júlí 1905, er fram hefir verið lögð í málinu, en í reikningi þessum er skuldin til Íslandsbanka talin 4480 kr., en reikningur þessi sýnir að eins það, að áfrýjandi hefir síðar tekið út úr reikningsláni nr. 90, er samkvæmt samningi við bankann mátti vera alt að 10,000 kr. Þar á móti sannar hann ekkert um það, að áfrýjanda hafi verið heimilt að taka nokkuð út úr reikningsláni nr. 90 í sínar eigin þarfir, þvert á

móti þar sem áfryjandi hefir viðurkent, og haldið því fram, að 4480 kr., sem ógreiddar voru af umræddu reikningsláni 4. júlí 1906, hafi hvílt á skipsfélögunum út af útgerðinni, þá leiðir af því, að lánið hefir verið ætlað til skipsins eða úthalds þess, en úr því svo var, þá virðist það ólíklegt, að nokkur hluti þess mætti fara til einkaparfa áfryjanda, enda hefir hann ekki gagnvart mótmælum stefndu, upplýst hversu mikinn hluta reikningslánsins honum hafi verið heimilt að nota til einkaparfa sinna. Staðhæfing áfryjanda um það, að nokkur hluti lánsins tilheyri skipsfélaginu og nokkur hluti honum sjálfum, og að stefndu hafi ábyrgt þann hluta lánsins fyrir áfryjanda persónulega, er því sé sáttinni frá 2. júlí 1909 óviðkomandi, getur því ekki orðið tekin til greina.

Þar sem nú verður að líta svo á, að lánseftirstöðvagnar allar stafi frá félagsskap málsaðila um skipið, að áfryjandi hafi eigi einungis lofað að leysa stefndu frá ábyrgð á láni þessu, heldur jafnvel með yfirlýsingu sinni 10. júlí 1909 gefið þeim ástæðu til að halda, að hann þá þegar hefði gjört það, og þar sem stefndu áttu fulla heimtingu á því, er þeir höfðu fullnægt sáttinni 2. júlí 1909, að áfryjandi leysti þá einnig frá ábyrgð á skuldum þeim út af Sjöstjörnunni, er hann hafði tekið að sér að greiða, þá verður yfirdómurinn að fallast á það, að héraðsdómurinn hefir dæmt áfryjanda til þess að leysa stefndu frá ábyrgð þeirra á eftirstöðvum umrædds reikningsláns nr. 90 við Íslandsbanka ásamt vöxtum og dráttarvöxtum $6\frac{1}{4}\%$ p. a. og þar sem dómurinn einnig felst á ákvæði gestaréttardómsins um dagsektir fyrir hvern dag, er hann lætur dóminum ófullnægt, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum ber áfry-

þanda að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal órakskað. Áfrýjandinn, Þórður J. Thoroddsen greiði stefndu, Ólafi V. Ófeigsyni, Agústa Jónssyni, Ársæl Jónssyni, Guðna Jónssyni og Einari Jónssyni 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 18. dag marzmán.

Nr. 2/1912:

Réttvísinn

gegn

Katrínu Jónsdóttur

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, uppkveðnum 26. nóv. f. á. var hin ákærða Katrín Jónsdóttir, bústýra í Keflavík, dæmd samkvæmt 240 gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með taldar 12 krónur í málsvarnarlaun og ferðakostnað til talsmanns hennar fyrir